

Grunnskóli Húnaþings vestra
530 Hvammstangi
S: 4552900 / 4552910



UNGMENNALÝÐRÆÐI -UNGMENNAÞING-

Lokaskýrsla til sprotasjóðs 2012

Grunnskóli Húnaþings vestra
Nafn verkefnisins: Ungmennalýðræði
Nafn verkefnisstjóra: Sigurður Þór Ágústsson
Samningur númer: 119.2012-2013,
verkefni unnið á almanaksárinu 2012.

Markmið

Markmið verkefnisins voru margþætt og snerta nýja aðalnámskrá og nýlega reglugerð sem setur sveitarfélögum þær skyldur að fá álit ungmenna á nærumhverfi sínu. Rauði þráður verkefnisins var að ungmenni á grunnskólaaldri fengi tækifæri til þess að hafa áhrif á nærumhverfi sitt, bæði í náttúrulegu og félagslegu tilliti. Einnig að fá tækifæri til að kynnast lýðræðislegum vinnubrögðum í verki.

Leiðir að markmiði

Til þess að halda utan um umfang verkefnisins unnu félagsmiðstöðin Órion og Grunnskóli Húnaþings vestra náið með nemendaráði skólans. Nemendaráð skipaði hópstjóra og ritara og bar meginábyrgð á framkvæmd umræðudags sem haldinn var 13. mars 2012 í skólanum. Hver hópur fékk sex umræðuefni og átti að skila niðurstöðum um hádegi.

1. Umhverfis- og skipulagsmál
2. Samgöngur
3. Íþróttta- og tómstundamál
4. Skólamál
5. Vinnuskóli/sumarstarf
6. Menningarmál og viðburðir tengdir ungmennum

Þar á eftir voru helstu þættir dregnir saman af öllum hópstjórum og niðurstöður kynntar á almennum nemendafundi þar sem tillögur voru bornar upp til samþykktar eða synjunar. Samþykktar niðurstöður voru settar í skýrslu sem kynnt var sveitarstjórn og birt á heimasíðu sveitarfélagsins. Meginatriði skýrslunnar eru svo sett í bækling sem dreift verður á öll heimili í Húnaþingi vestra.

Frávik frá áætlun

Einu frávikin sem urðu var tímaramminn, endanlegur frágangur skýrslu og prentun bæklingis tafðist. Önnur frávik eða hindranir voru ekki á verkefninu.

Ávinningur

Stærsti ávinningurinn hefur verið að almenningi er ljós vilji nemenda í ýmsum málum og til að mynda hafa íþróttafélög á svæðinu teki tillit til óska nemenda um þau atriði sem þau benda á. Nemendur hafa áttað sig á því að það er mark á þeim tekið.

Mat á verkefninu

Ungmennafélagið hefur fest sig í sessi og mun verða útvíkkað áfram í tengslum við ungmennaráð hjá sveitarfélaginu. Það er orðið fastur liður í skólastarfinu og mikilvægur hlekkur í samfélagsþátttöku einstaklinga og raunverulegur ávinningur sýnilegur af starfi nemenda með aðgerðum aðila, sem standa nálægt nemendum í leik og starfi í Húnaþingi vestra.

Meðfylgjandi er skýrsla ungmennafélags og drög að bæklingi sem prentaður verður á næstu vikum.

Dags. 24. sept. 2012

Sigurður Þór Ágústsson